

Mæðraveldið

Hér er um margt óvenjuleg grein (<https://kjarninn.is/kjaftaedi/2016-04-28-maedraveldid/>), skrifuð af þrýðilegum penna. Ég hef um ártugi reynt að benda á, að jafnrétti felst ekki í ofurveldi kvenna. Þá er átt við, konur ríki áfram á hefðbundnum kvennasviðum mannlífsins (þ.e. sérstaklega frá iðnbyltingu), t.d. uppeldi og skólun barna, þar sem hin eiginlegu völd er að finna, og fá jafnframt greiðari aðgang að hefðbundnum karlasviðum, sbr. ofuráherslu á jafn leiðinlegt starf og að sitja í bæjarstjórnnum og stjórnnum fyrirtækja. Mæðraveldið, sem hér er líst kersknislega og háðslega, er okkar veruleiki. Enn er það svo, að flest, sem að börnun snýr, telst til friðar konunnar. Það er reyndar sama, hvert litið er; til heimilis (oft móðir og barn/börn), til leikskóla, grunnskóla (og háskóla), barnaverndarnefnda og félagsmálastofnana. Í sérfræðipjónustu við skólafnanir er viðkvæðið iðulega: "Ég ræði við móður." Heimurinn átti - samkvæmt kenningum (ákveðinnar undirtegundar) kvenfrelsara - að batna að muni, þegar konur kæmust til "valda." Þá er átt við völd í stjórnámálum og í atvinnulífinu. Eins og áður segir hafa þær haft tögl og haldir í uppeldiskerfi, umönnunarkerfi og félagskerfi í áratugi, svipuð völd og karlar í opinberum stjórnnum og stjórnnum fyrirtækja í allmörg ár, konur hafa víða verið þjóðarleiðtogar. Hvað hefur breyst að eiginlegu gagni? Lífum við í betri (kvenna)heimi? Er betur búið að börnum? Er spilling minni að vöxtum? Eru konur sú síður fórnarlömb en áður? Beinist athygli meira að ofbeldi kvenna en áður? Hefur sjálfsálit drengja batnað? Eru þeir síður herskárir nú en áður? Er friðvænlegra um að litast í veröldinni? Svona mætti lengi spyrja. Enn er áberandi í umræðunni, að konur geti varpað ábyrgð á flestu því, sem miður fer í veröldinni, á vonda karla og kúgunareðli þeirra. Ég vil trúa því, að fleiri skynsamur konur stigi bráðum á stökkinn og berjast með mér fyrir eiginlegum mannréttindum - óháðum kyni.